

1900.00 í málskostnað innan 15 daga frá lögbirtingu dómsins að viðlagðri aðför að lögum.

Fjárnámsgerð fógetaréttar Reykjavíkur 28. maí 1948.

Fyrir gerðarbeiðanda mætir Jóhann Steinason cand. jur. vegna Magnúsar Thorlacius hrl. og krefst fjárnáms til tryggingar skuld samkvæmt nefndum dómi að upphæð kr. 16790.00 með 6% ársvöxtum frá 27. janúar 1948 til greiðsludags, kr. 1900.00 í málskostnað, kr. 21.00 fyrir endurrit og birtingu auk alls kostnaðar við gerð þessa og eftirfarandi uppboð, ef til kemur, allt á ábyrgð gerðarbeiðanda.

Gerðarþoli, Pétur Ingjaldsson, er ekki mættur, en af hans hálfu mætir kona hans, Stefanía Erlendsdóttir, og kveðst ekki geta greitt kröfuna, enda segir hún, að ætlunin sé að áfrýja málinu til Hæstaréttar. Fógeti skoraði þá á hana að vísa á eignir, er gerðarþoli ætti og gera mætti fjárnám í og brýndi fyrir henni að skýra rétt frá.

Mætta vísaði nú á neðstu hæð hússins nr. 24 við Ásvallagötu til fjárnáms.

Fógeti lýsti því yfir, að hann gerði fjárnám í nefndri hæð til tryggingar framangreindri skuld auk alls kostnaðar áfallins og áfallandi að geymdum betra rétti þriðja manns. Fallið var frá virðingu.

Fógeti brýndi fyrir mættu af hálfu gerðarþola að skýra gerðarþola frá fjárnáminu og að honum væri óheimilt að ráðstafa hinu fjárnumda, þannig að í bág bryti við gerð þessa, að viðlagðri ábyrgð að lögum.

Miðvikudaginn 15. nóvember 1950.

Nr. 22/1950. **Ákærvaldið** (Ragnar Jónsson)

gegn

Jóni Guðjónssyni (Einar B. Guðmundsson)

og

Tómasi Jochumssyni (Egill Sigurgeirsson).

Setudómarar próf. Ólafur Lárusson og
próf. Ólafur Jóhannesson í stað hrd. Jóns
Ásbjörnssonar og hrd. Jónatans Hallvarðs-
sonar.

Brot á siglingareglum. — Manndráp af gáleysi.

Dómur Hæstaréttar.

Meginorsök árekstrar þess, er í málinu greinir, má rekja til þess, að v/b Stígandi beygði til stjórnborða og í veg fyrir

nótabáta v/b Arinbjarnar. Ákærða Jóni Guðjónssyni mátti vera það ljóst, er hann gaf stjórnanda Stíganda fyrirskipun um þá siglingu, að hætta á árekstri var yfirvofandi, enda sá hann þá til ferða nótabátanna frá Arinbirni. Þessi stefnubreyting, sem var ónauðsynleg og, eins og á stöð, mjög hættuleg, var því brýnt brot á 29. gr. tilskipunar um alþjóðlegar sjóferðareglur nr. 8/1933. Ákærði Jón er og brotlegur við 28. gr. sömu tilskipunar með því að láta ekki gefa hljóðmerki á Stíganda, er stefnu skipsins var breytt. Þá hefur hann einnig brotið 261. gr. siglingalaga nr. 56/1914 með því að fá ósiglingarfróðum manni í hendur stjórn á Stíganda, svo og 215. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 vegna þeirra afleiðinga, sem af gáleysi hans urðu. Þykir refsing hans hæfilega ákveðin fangelsi 6 mánuði. Þá skal hann og samkvæmt 68. gr. hegningarlaga og 264. gr. siglingalaga, sbr. 6. gr. laga nr. 40/1930, sviptur réttindum til skipstjórnar og stýrimennsku 5 ár.

Broti ákærða Tómasar Jochumssonar er rétt lýst í héraðsdómi, og varðar það við 29. gr. tilskipunar nr. 8/1933, 85. gr. sjómannalaga nr. 41/1930 og 215. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Þykir mega staðfesta ákvæði héraðsdóms um refsingu ákærða Tómasar og sviptingu réttinda hans.

Ákvæði héraðsdóms um greiðslu sakarkostnaðar eiga að vera öröskuð.

Ákærðu greiði hvor um sig skipuðum verjanda sínum í Hæstarétti kr. 1000.00. Allan annan kostnað af áfrýjun málsins greiði ákærðu in solidum, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda í Hæstarétti, kr. 1200.00.

Jón Bergþór Arngrímsson, 2. vélstjóri á v/b Stíganda, hafði á hendi stjórn vélbátsins, er áreksturinn varð. Ákærvaldið hefur þó ekki fyrirskipað málshöfðun á hendur honum.

Eftir að fyrirskipun hafði verið gefin um málshöfðun, fór fram frekari rannsókn í málinu. Við þá rannsókn viðurkenndi nefndur Jón Bergþór, að sigling Stíganda, eftir að vikið var til stjórnborða, „hafi hindrað, að bátar Arinbjarnar næðu síldartorfunni“, og kveðst hann „hafa haft þetta í

huga jafnframt því að“ hann „fylgdi fyrimælum skipstjóra um að beygja á stjórnborða“. Er það aðfinnsluvert, að héraðsdómur hefur ekki, svo að séð verði, vakið athygli ákærvaldsins á þessum framburði Jóns Bergþórs, en yfirheyrta hann sem vitni og látið hann staðfesta framburð sinn með eiði.

Dómsorð:

Ákærði Jón Guðjónsson sæti fangelsi 6 mánuði. Hann er sviptur rétti til skipstjórnar og stýrimennsku 5 ár.

Ákvæði héraðsdóms um refsingu og réttindasviptingu ákærða Tómasar Jochumssonar svo og um sakarkostnað í héraði eiga að vera óröskuð.

Ákærði Jón Guðjónsson greiði málflutningslaun skipaðs verjanda síns í Hæstarétti, Einars B. Guðmundssonar hæstaréttarlögmanns, kr. 1000.00.

Ákærði Tómas Jochumsson greiði málflutningslaun skipaðs verjanda síns í Hæstarétti, Egils Sigurgeirssonar hæstaréttarlögmanns, kr. 1000.00.

Ákærðu greiði in solidum allan annan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda í Hæstarétti, Ragnars Jónssonar hæstaréttarlögmanns, kr. 1200.00.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur Siglingadóms 21. nóv. 1949.

Mál þetta, sem dómtekið var 3. þ. m., er af réttvísinnar og valdstjórnarinnar hálfu höfðað gegn Jóni Guðjónssyni skipstjóra, Laugavegi 10, Siglufirði, og Tómasi Jochumssyni nótabassa, Brávallagötu 16 A, hér í bænum. Á hendur ákærða Jóni er málið höfðað fyrir brot gegn XXIII. kafla hegningarlaganna og siglingalögum nr. 56 1914, sbr. lög nr. 41 1930, sbr. einnig tilskipun um alþjóðlegar sjóferðareglur nr. 8 frá 11. apríl 1933, en á hendur ákærða Tómasi fyrir brot gegn XXIII. kafla hegningarlaganna og sjómannalögum nr. 41 1930, sbr. tilskipun um alþjóðlegar sjóferðareglur nr. 8 frá 11. apríl 1933.

Ákærðu hafa báðir náð lögaldri sakamanna. Er ákærði Jón fæddur 15. september 1912, en ákærði Tómas 22. ágúst 1907.

Ákærði Jón hefur með dómi í Húnavatnssýslu þann 30. apríl 1947 verið dæmdur í 6000 króna sekt fyrir brot gegn 2. og 3. gr. laga nr. 5 1920, sbr. lög nr. 4 1924, en ákærði Tómas sætt eftirfarandi kærum og refsingum: 1939 17/9 Reykjavík. Sátt: 25 króna sekt fyrir ölvun á almannafæri. 1941 8/7 Reykjavík. Kærður fyrir ölvun. Látið falla niður. 1942 21/10 Reykjavík. Sátt: 25 króna sekt fyrir ölvun á almannafæri.

Ákærði Jón hefur meira fiskiskipstjóraskirteini, en ákærði Tómas stýri-mannsskirteini á fiskiskipi.

Að kvöldi hins 7. ágúst 1948 voru vélbátarnir Stígandi O F 25 frá Ólafs-firði og Arinbjörn R E 18 frá Reykjavík að sildveiðum út af Krossanes-fjalli í námunda við Trékyllisvík á Ströndum. Veður var bjart, logn og lá-deyða. Á síðari hluta áttundu stundar eða um kl. 8 hafði v/b Stígandi ný-lega lokið við að háfa sild úr kasti. Komu þá skipverjar auga á sildartorfu í nokkurri fjarlægð. Var þegar sett á ferð og siglt í áttina að torfunni með nótabátana í togi. Stefnt var þannig, að sildartorfan var á stjórnborða. Á nálægum slóðum hafði v/b Arinbjörn verið að háfa úr nót sinni. Að sögn skipstjórans á honum hafði hann komið auga á sildartorfu þá, sem Stígandi stefndi að, áður en lokið var að háfa, en er því var lokið, slepti v/b Arin-björn nótabátum sínum, og héldu þeir áleiðis að torfunni. Bátarnir, sem hvor um sig eru búnir 14 ha Albin-vél, voru bundnir saman á siglingunni. Stjórn þeirra hafði nótabassinn, ákærði Tómas Jochumsson. Sat hann undir stýri í stjórnborðsbátnum. Skipstjórinn á v/b Arinbirni varð eftir um borð í honum.

Þegar v/b Stígandi var kominn í námunda við sildartorfuna, var ferð hans minnkuð, beygt til stjórnborða og bátarnir dregnir að stjórn-borðshlið hans. Hlupu skipverjar í þá, að undanskildum þrem, I. og II. vél-stjóra og matsveini. Var II. vélstjóri við stýrið, er farið var í bátana, og mun hafa verið það, frá því að byrjað var að sigla að sildartorfunni. Um leið og skipstjóri Stíganda, ákærði Jón Guðjónsson, fór frá skipinu, gaf hann II. vélstjóra fyrirmæli um að halda til stjórnborða. Var það gert. Á meðan þetta skeði, nálgudust nótabátar Arinbjarnar með óbreyttum hraða og óbreyttri stefnu. Skömmu síðar varð árekstur milli þeirra og Stíganda, þannig að framstefni Stíganda lenti á stjórnborðsbátnum um eða rétt framan við miðju. Sökk sá bátur samstundis, en bakborðsbátnum hvolfdi. Ekki verður sagt með vissu, hve mikið stjórnborðsbáturinn brotnaði, en sumir sjónarvottar telja, að hann hafi brotnað í tvennt. Allir skipverjar Arinbjarnar, sem í bátunum voru, 13 að tölu, fóru í sjóinn nema einn, sem náði tókum á akkeri Stíganda og gat haldið sér þar, unz honum var hjálpað upp í hann. Skipverjar þeir, sem voru um borð í v/b Stíganda, hentu þegar því, sem hendi var næst, af flotholtum og taugum til þeirra, sem lent höfðu í sjónum. Tókst sumum að ná í það, en aðrir héldu sér í korka á nót Arinbjarnar. Nokkrir komust á kjöl bakborðsnótabátsins. Þegar áreksturinn varð, voru Stígandamenn að kasta fyrir sildina. Var því þegar hætt. Slaknaði þá á nótinni, svo að hún lenti í skrófu stjórnborðsbáts Stíganda. Var þá nótin losuð úr bakborðsbát Stíganda svo fljótt sem unnt var. Fór ákærði Jón yfir í bakborðsbátinn, og var þegar haldið á slysstaðinn til að

bjarga mönnunum. Tókst að ná þeim að tveim undanskildum, Birgi Guðmundssyni og Guðjóni Sigurjónssyni, sem sukku, án þess að björgun yrði við komið. Tveir manna þeirra, sem náðust, voru meðvitundarlausir. Voru það þeir Bjarni Þorsteinsson og Haraldur Kjartansson. Var þegar farið með þá yfir í v/b Arinbjörn, sem var skammt undan, og lifgunartilraunir hafnar á þeim. Hélt Arinbjörn þegar áleiðis til Djúpuvíkur með menn þessa, en aðrir skipverjar hans, sem björguðust, urðu eftir um borð í v/b Stíganda og fengu þar aðhlynningu. Engin slys höfðu orðið á þeim, að því undanskildu, að einn þeirra hafði meiðzt lítils háttar á öxl. Frá Djúpuvík kom læknir á bát á móti v/b Arinbirni og var lifgunartilraunum á mönnunum haldið áfram undir hans umsjá til kl. eitt um nóttina, en þær báru engan árangur. Einhverir áverkar sáust á likunum, en læknir mun hafa talið, að þeir hafi ekki leitt til dauða einir sér, en hins vegar geti verið, að af þeim hafi stafað meðvitundarleysi, sem þá gæti verið ein orsök drukkunar. Eftir að lifgunartilraunum var hætt, hélt v/b Arinbjörn aftur á slysstaðinn. Þar hafði áhöfn Stíganda unnið að því að bjarga nótunum. Nót Arinbjarnar var mjög rifin, og reyndist erfitt að ná henni upp. Var því lokið, er Arinbjörn kom aftur á slysstaðinn um kl. 3 um nóttina. Tók þá skipshöfn hans við því starfi. Vitnum ber saman um, að gert hafi verið það, sem unnt var, til bjargar mönnunum, eftir að áreksturinn varð.

Ákærði Jón Guðjónsson skýrir þannig frá aðdraganda slyssins. Hann kveðst hafa séð sildartorfuna í SA frá skipi sínu, v/b Stíganda, um kl. 8 síðdegis. V/b Arinbjörn hafi þá verið nokkru austar í um 1.5 sjómílna fjarlægð og verið að ljúka við að háfa. Kveðst hann hafa siglt að sildartorfunni með um 8 sjómílna hraða, miðað við klukkustund. Hafi það verið um 5 mínútna sigling. Stefnt hafi verið þannig, að sildartorfan var höfð aðeins til stjórnbörða. Kveðst ákærði hafa séð, að v/b Arinbjörn slegpti nótabátum sínum, og hafi þeir þá verið á bakborða v/b Stíganda. Þegar komið var því sem næst að sildartorfunni, var ferðin minnkuð og II. vélstjóra gefin fyrirmæli um að beygja til stjórnbörða, er farið var í bátana. Ákærði kveðst þá hafa gefið nótabátum v/b Arinbjarnar gætur, og hafi þeir verið að sjá um bakborðsvant v/b Stíganda, séð frá stýrishúsi hans. Ákærði fór nú í bátana ásamt skipverjum sínum. Kveðst hann þegar hafa byrjað að kasta nótinni, er búið var að snúa nótabátunum í rétta stefnu, en þeir hafi þá verið nokkra faðma frá sildartorfunni, sem hann telur að hafi vaðið til NA. Var að sögn ákærða búið að kasta um 6 föðum úr hvorum bát, þegar áreksturinn varð. Eftir að ákærði fór í bátana, sá hann ekkert til nótabáta v/b Arinbjarnar, fyrr en um leið og áreksturinn varð. Um leið og ákærði fór frá borði, gaf hann, eins og áður er sagt, fyrirmæli um, að halda v/b Stíganda til stjórnbörða. Kveðst hann hafa gert þetta til að gefa nótabátum v/b Arinbjarnar meira svigrúm og til að forðast árekstur við þá. Kveðst ákærði hafa ætlað til þess, að v/b Stígandi yrði stöðvaður, þegar hann væri kominn nokkuð frá sildartorfunni, en engin fyrirmæli gaf hann í þá átt.

Vitnið Jón Bergþór Arngrímsson, II. vélstjóri, sem var við stýrið á v/b Stíganda, er áreksturinn varð, skýrir svo frá, að v/b Stígandi hafi siglt á

fullri ferð, unz komið var þvert af sildartorfunni. Var þá hægt á ferðinni, og fór ákærði Jón og skipverjar í bátana. Gaf ákærði Jón fyrirmæli um að beygja til stjórnborða, og gerði vitnið það. Vitnið telur, að eftir að hægt var á v/b Stíganda, hafi hann farið með hálfri ferð, eða um 4 sjómílur miðað við klukkustund. Neitar vitnið eindregið, að hraði v/b Stíganda hafi verið aukinn aftur, eftir að bátunum var sleppt, en segir, að þungur skriður hafi verið á honum sökum þess, að töluverð sild var innanborðs. Vitnið kveðst hafa veitt nótabátum v/b Arinbjarnar athygli, er bátum v/b Stíganda var sleppt. Hafi þeir þá verið framundan aðeins á bakborða. Kveðst vitnið ekki hafa talið hættu á árekstri við nótabáta v/b Arinbjarnar með þeirri stefnu, sem v/b Stígandi tók, og veitti nótabátunum svo ekki athygli, fyrr en þeir voru 2—3 lengdir sínar frá v/b Stíganda. Segir vitnið, að bátana hafi þá borið framan til á bakborðskinnung. Vitnið kveðst þá fyrst hafa gert sér ljóst, að hætt var við árekstri, og lagt stýrið hart í stjórnborða til að forðast hann, en áður hafi stýrið verið mitt á milli stjórnborða og miðskips. Kveðst vitnið hafa talið þetta réttu leiðina til að forðast árekstur. Ekki breytti vitnið hraða v/b Stíganda eða gerði tilraun til að gefa ferð afturá. Fyrst, er áreksturinn varð, tók það skrufuna úr sambandi. Vitnið kveðst ekkert hafa heyrt Jón minnast á nótabáta v/b Arinbjarnar, en það kveðst með siglingu sinni hafa haft það í huga, jafnframt því að hlýðnast fyrirmælum ákærða Jóns, að hindra nótabáta v/b Arinbjarnar í að komast að sildartorfunni.

Vitnið Arngrímur Anton Benjamínsson, I. vélstjóri á v/b Stíganda, kveðst hafa komið upp í stýrishús úr vélarúmi, þegar v/b Stígandi var nýbúinn að sleppa nótabátunum. Kveðst hann þá hafa veitt nótabátum v/b Arinbjarnar athygli, en þeir voru þá á bakborða fyrir framan þvert. Hann áætlað hraða v/b Stíganda um 3—4 sjómílur, eftir að bátum hans var sleppt, og segir, að ganghraða vélarinnar hafi ekki verið breytt eftir það. Hins vegar telur hann, að verið geti, að hraði bátsins hafi aukizt eitthvað við það, að nótabátunum var sleppt. Vitnið hefur skýrt svo frá, að vél Stíganda gangi alveg reyklaust og sjáist því enginn reykur frá henni, þótt ferð hennar sé aukin. Telur vitnið nótabáta v/b Arinbjarnar hafa verið á meiri ferð en v/b Stíganda, eftir að nótabátum hans var sleppt.

Vitnið Gunnar Björnsson, matsveinn á v/b Stíganda, kveðst hafa komið upp úr hásetaklefa rétt í því, að v/b Stígandi sleppti bátunum. Segir hann, að nótabátar v/b Arinbjarnar hafi þá verið lagðir af stað frá skipi sínu, sem lá um 400—500 faðma í burtu. Bátarnir hafi þá stefnt þvert á bakborðshlið v/b Stíganda. Vitnið segir, að ekki hafi verið hert á vél Stíganda, eftir að bátum hans var sleppt, en verið geti, að hraði skipsins hafi aukizt eitthvað við það. Hann kveður v/b Stíganda hafa verið beygt til stjórnborða, allt frá því að bátunum var sleppt og þar til áreksturinn varð. Telur vitnið, að nótabátar v/b Arinbjarnar hafi á því tímabili stefnt fyrir framan stefni v/b Stíganda og hafi hraði þeirra verið meiri en hraði hans. Hann kveðst hafa fylgzt vel með ferðum nótabáta Arinbjarnar, en sér hafi ekki orðið ljóst, fyrr en á seinustu stundu, að hætta væri á árekstri.

Vitnið Gísli Magnús Gíslason, stýrimaður á v/b Stíganda, var í nótabátum hans. Hann telur v/b Stíganda hafa stefnt því sem næst í suður, þegar áreksturinn varð. Heyrði hann fyrirskipun skipstjóra um að hægja, rétt áður en farið var í nótabátana. Sömuleiðis skipun hans um að beygja til stjórnborða. Vitnið telur vélahraða v/b Stíganda ekki hafa verið aukinn, eftir að bátum var sleppt, en segir hins vegar, að við það muni hraði bátsins hafa aukizt lítils háttar.

Ákærði Jón Guðjónsson hefur gert uppdrátt (dskj. nr. 14) af afstöðu skipanna og nótabátanna og af siglingu þeirra, unz áreksturinn varð. Vitnin Jón Bergþór Arngrímsson, Gunnar Björnsson og Gísli Magnússon Gíslason hafa staðfest, að uppdráttur þessi sé réttur.

Ákærði Tómas Jochumsson hefur lýst málavöxtum á þessa leið: Hann kveður nótabátum v/b Arinbjarnar hafa verið sleppt um kl. 19.20, en síldartorfunu þá hafa verið í um 200 metra fjarlægð frá v/b Arinbirni. V/b Stígandi hafi nálgast á stjórnborða í nokkurri fjarlægð um það leyti, sem nótabátarnir lögðu frá v/b Arinbirni. Ákærði telur sig hafa séð, að v/b Stíganda hafi verið beygt til bakborða, skömmu eftir að bátarnir yfirgáfu v/b Arinbjörn, og síðan aftur til bakborða, um það leyti sem Stígandamenn fóru í bátana. Einnig telur ákærði sig hafa séð á stjórnborðssiðu v/b Stíganda, allt frá því að nótabátarnir lögðu frá v/b Arinbirni og þar til Stígandamenn fóru í bátana. Þá telur ákærði, að v/b Stígandi hafi verið 3—4 lengdir sínar frá nótabátunum og ferð hans verið orðin mjög lítil. Kveðst ákærði þá hafa þótt öruggur um, að bátar hans væru komnir fram hjá stefnu v/b Stíganda, þótt hann sigi áfram. Kveðst hann því ekki hafa gefið siglingu v/b Stíganda frekari gaum, en sagt mönnum sínum að vera viðbúnir að kasta. Ákærði hélt óbreyttri ferð á bátum sínum, allt þar til áreksturinn varð. Telur hann hraða þeirra hafa verið um 4 sjómílur miðað við klukkustund. Þegar v/b Stígandi var rúmlega hálfa skipslengd frá nótabátunum, kveðst ákærði hafa veitt honum athygli. Sá hann þá, að árekstur var yfirvofandi, og stýrði til bakborða, en ekki veit hann, hvort bátarnir voru byrjaðir að snúast, er áreksturinn varð. Ákærði heldur því eindregið fram, að ferð v/b Stíganda hafi verið aukin, frá því að menn hans fóru í bátana og þar til áreksturinn varð. Byggir hann þetta á því, að meira hafi þá freytt undan stefni hans og einnig telur hann það bera vott um, að allmikil ferð hafi verið á v/b Stíganda, að hann hafi sigið allmikið áfram eftir áreksturinn. Kveðst ákærði hafa misst handfesti af „skammdekki“ v/b Stíganda, er hann náði í við áreksturinn, og síðar af taug frá honum, sem hann náði taki á, sökum þess, hve þungur skriður var á v/b Stíganda.

Vitnið Sigurður Eyleifsson, skipstjóri á v/b Arinbirni, skýrir svo frá, að það hafi verið um borð í v/b Arinbirni um 200 metra frá slysstaðnum. Áætlað vitnið, að 3—4 lengdir v/b Stíganda hafi verið milli hans og leiðar nótabáta Arinbjarnar, er v/b Stígandi sleppti bátum sínum. Áreksturinn, telur vitnið, að hafi orðið 2—3 mínútum síðar. Vitnið telur, að v/b Stígandi hafi sveigt tvívegis til bakborða, áður en hann sleppti bátum sínum. Vitnið telur sig hafa séð dökkan reyk koma upp úr útblásturspípu v/b Stíganda,

eftir að bátum hans var sleppt, og telur, að hraði hans hafi verið aukinn eftir það.

Vitnið Olav Martein Hansen, sem var háseti á v/b Arinbirni og var í stjórnborðsbát hans, þegar slysið skeði, kveðst hafa veitt v/b Stíganda athygli, þegar nýbúið var að sleppa bátunum frá v/b Arinbirni. Hafi þá v/b Stígandi virzt að mestu leyti eða alveg ferðlaus. Hann kveðst hafa séð stjórnborðsmegin við stefni v/b Stíganda, þegar skipshöfn hans fór í bátana. Einnig hafi hann séð framstefni bátanna. Hann áætla, að þá hafi v/b Stígandi verið í nokkurra skipslengda fjarlægð. Næst kveðst vitnið hafa veitt v/b Stíganda athygli, er hann var 2—3 nótabátalengdir í burtu, en á næsta augnabliki hafi áreksturinn orðið. Vitnið telur, að v/b Stígandi hafi þá verið á töluvert mikilli ferð og mikið hafi freytt undan stefni hans.

Vitnið Helgi Helgason var háseti á v/b Arinbirni og var í stjórnborðsbát hans, þegar slysið varð. Hann telur, að augljóslega hafi verið meiri ferð á v/b Stíganda, þegar áreksturinn varð en þegar hann sleppti bátum sínum. Á sömu lund er framburður vitnisins Guðmundar Árnasonar, sem einnig var háseti á v/b Arinbirni. Virðist hann draga ályktunina um, að hraðinn hafi verið aukinn, einkum af því, að meira hafi freytt fyrir stefni v/b Stíganda, þegar áreksturinn varð, en þegar hann sleppti bátunum. Vitnið var í bakborðs nótabát Arinbjarnar og kveðst hafa séð nótabáta Stíganda á stjórnborðshlið hans, er skipverjar fóru í þá.

Uppdráttur hefur verið gerður (dskj. nr. 7) af afstöðu skipanna og nótabátanna og siglingu þeirra, þar til áreksturinn varð, samkvæmt framburði ákærða Tómasar Jochumssonar. Vitnin Sigurður Eyleifsson, Guðmundur Árnason, Olav Martein Hansen, Helgi Helgason, Sigurbór Júníusson, skipverjar á v/b Arinbirni, og Sigurfinnur Ólafsson, háseti á v/b Stíganda, hafa allir borið, að uppdráttur þessi sé réttur.

Vitnið Sveinn Frímannsson, skipstjóri á v/b Gaut frá Akureyri, var staddur í hringnótabát við hliðina á skipi sínu, að hann telur um 2—300 faðma frá slysstaðnum. Hann telur v/b Stíganda hafa siglt sem næst í SA-læga stefnu að sildartorfunni með herpinótabátana á stjórnborðshlið. V/b Arinbjörn kveðst hann hafa séð koma siglandi sem næst í SV, að því er virtist, og hafi hann sleppt nótabátunum, er hann var alllangt frá sildartorfunni. Hann telur báta Stíganda hafa byrjað að kasta rétt strax, eftir að þeim var sleppt. Báta Arinbjarnar telur hann hafa stefnt nálægt því í SV. Hann telur, að skipverjar Stíganda hafi verið búnir að kasta nálægt því hálfri nóttinni, þegar áreksturinn varð. Vitni þetta kveðst hafa fylgzt vel með siglingu skipanna. Hann kveðst ekki hafa orðið þess var, að v/b Stígandi beygði til bakborða, áður en hann sleppti bátunum, en þá hafi hann virzt beygja dálítið til stjórnborða. Ekki kveðst hann hafa orðið þess var, að ferð v/b Stíganda væri aukin, eftir að hann sleppti bátunum. Vitnið telur, að töluvert mikil ferð hafi verið á nótabátum Arinbjarnar, og gizkar á, að þeir gangi 6—7 sjómílur. Telur vitnið, að þegar v/b Stígandi sleppti bátunum, hafi verið miklu meira en 3—4 lengdir Stíganda frá

honum að stefnulínu nótabáta Arinbjarnar. Nánar hefur vitnið ekki áætlað, hve mikil sú vegalengd var.

V/b Stígandi er 72,3 fet á lengd, 75,99 smál. brúttó og er knúinn 265 ha Alpha Dieselvél. Nótabátar Arinbjarnar eru rúmlega 9 metrar á lengd.

Af teikningum þeim, sem fram hafa verið lagðar í málinu og ákærðu og vitni, sem voru sjónarvottar slyssins og aðdraganda þess, hafa staðfest, er ljóst, að hornið milli stefnulínu v/b Stíganda, áður en hann sleppti nótabátum sínum, og stefnulínu nótabáta v/b Arinbjarnar, sem var óbreytt allan tímann, hefur verið 30—45°. Er þetta einnig í samræmi við framburði vitnanna, sem voru í nótabátum v/b Arinbjarnar og telja sig hafa séð á stjórnbörðskinnung v/b Stíganda, er bátum hans var sleppt. Má því telja sannað, að afstaða stefnulínanna hafi verið einhvers staðar á milli þeirra marka, er áður greinir.

Um hraða v/b Stíganda eftir að bátum var sleppt, hefur vélstjórinn, sem þá hafði stjórn á honum, borið, að hann hafi ekki farið meira en hálfa ferð, eða um 4 sjómílur miðað við klukkustund. Vitnið Arngrímur Anton Benjamínsson telur hraðann hafa verið 3—4 sjómílur. Bæði þessi vitni og auk þess vitnið Gunnar Björnsson, sem var með þeim um borð í v/b Stíganda, bera, að vélahraða hans hafi ekki verið breytt, eftir að farið var í bátana. Framburður vitnisins Sveins Frímannssonar styður þetta einnig. Verður að ætla þetta rétt, enda byggja vitni þau, sem borið hafa gagnstætt þessu, umsögn sína einvörðungu á því, að þeim hafi virzt freyða meira fyrir stefni Stíganda, er áreksturinn varð, en þegar hann sleppti bátunum, en af mati vitnanna á þessu atriði verður ekki með neinni vissu dregin ályktun um, að vélahraðinn hafi verið aukinn.

Um hraða nótabáta v/b Arinbjarnar hefur ákærði Tómas borið, að þeir gangi um 4 sjómílur. Vitnin Arngrímur Anton Benjamínsson og Gunnar Björnsson hafa borið, að hraði nótabátanna hafi verið meiri en hraði v/b Stíganda, eftir að hann hægði ferð sína. Framburður vitnisins Sveins Frímannssonar virðist og benda í sömu átt. Segir hann, að nótabátar v/b Arinbjarnar hafi verið á töluvert mikilli ferð, og gizkar á, að þeir gangi 6—7 sjómílur, en um v/b Stíganda segir hann, að allþungt skrið hafi verið á honum. Verður að álykta af þessu, að hraði v/b Stíganda hafi ekki verið minni en 3 sjómílur á klukkustund, eftir að nótabátum hans var sleppt, og að hraði nótabáta v/b Arinbjarnar hafi ekki verið minni en hraði v/b Stíganda. Verður þó eftir öllum atvikum að telja ólíklegt, að hraði nótabátanna hafi verið minni en um 4 sjómílur á klukkustund.

Ákærði Jón Guðjónsson segir, að nótabáta v/b Arinbjarnar hafi borið um bakborðsvant v/b Stíganda af stýrishúsi hans séð, er skipverjar v/b Stíganda fóru í bátana. Vitnið Jón Bergþór Arngrímsson, sem var í stýrishúsi v/b Stíganda, hefur borið, að þegar nótabátum hans var sleppt, hafi nótabátar v/b Arinbjarnar verið framundan, aðeins á bakborða. Vitnið Arngrímur Anton Benjamínsson hefur borið, að þegar nýbúið var að sleppa nótabátum v/b Stíganda, hafi nótabátar v/b Arinbjarnar verið að sjá á bakborða fyrir framan þvert, en ekki er vitað, hvar vitnið var um borð í v/b Stíganda, þegar það tók þetta mið. Er eigi ástæða til að vé-

fengja framburð ákærða Jóns um þetta atriði, þar eð hann virðist hafa tekið nákvæmast mið af bátunum og framburður hans er samrýmanlegur framburði áðurgreindra vitna, en hið síðargreinda þeirra virðist hafa tekið mið sitt, eftir að farið var að snúa v/b Stíganda til stjórnbörða. Einnig er framburður ákærða Jóns í þessu tilliti samrýmanlegur framburði vitna þeirra af nótabátum v/b Arinbjarnar, sem telja sig hafa séð á stjórnbörðskinnung v/b Stíganda, er nótabátum hans var sleppt.

Ekki hefur reynzt unnt að fá teikningu af v/b Stíganda, en dómurinn hefur haft með höndum teikningu af v/b Degi R E 71, sem byggður er með v/b Stíganda sem fyrirmynd. Þó er sá munur á bátum þessum, að v/b Stígandi er 69 cm lengri og 29 cm breiðari en v/b Dagur. Dóمندur hafa samkv. teikningu þessari mælt út sjónarhornið milli stefnulínu v/b Stíganda, áður en skipstjóri hans fór í nótabátana, og stefnulínu til nótabáta v/b Arinbjarnar, miðað við að hún liggji um bakborðsvant v/b Stíganda, séð af stýrishúsi hans. Horn þetta reyndist 17,4°. Við útreikning hornsins er breiddarmunur v/b Stíganda og v/b Dags tekinn til greina, en lengdarmunurinn hins vegar ekki, þar eð stýrishús v/b Stíganda er þeim mun framar en stýrishús v/b Dags, sem lengdarmuninum nemur.

Um fjarlægðina milli nótabáta v/b Arinbjarnar og v/b Stíganda, er hann sleppti nótabátum sínum, eru vitnisburðir ósamhljóða. Ákærði Tómas Jochumsson telur fjarlægðina hafa verið 3—4 lengdir v/b Stíganda. Vitnið Olav M. Hansen áætlar þessa vegalengd nokkrar skipslengdir. Vitnið Sigurður Eyleifsson telur, að á þessum tíma hafi verið 3—4 skipslengdir Stíganda milli hans og stefnulínu nótabáta v/b Arinbjarnar, en vitnið Sveinn Frimannsson telur þessa vegalengd hafa verið miklu meiri.

Frá því að ákærði Jón Guðjónsson tók mið það af nótabátum v/b Arinbjarnar, er áður greinir, og þar til áreksturinn varð, hefur eftirfarandi gerzt: Ákærði Jón þurfti að komast af stýrishúspaki og í nótabátana, leysa þurfti bæði framband og milliband nótabáta v/b Stíganda og snúa þeim í áttina að sildartorfunni. Einnig voru skipverjar v/b Stíganda byrjaðir að kasta nótinni, er áreksturinn varð, og telur ákærði Jón, að þeir hafi verið búnir að kasta um 6 föðmum úr hvorum bát. Útilokað er, að þetta verði gert á skemmri stundu en einni mínútu, enda hafði verjandi ákærða Jóns Guðjónssonar það eftir skjólstæðingi sínum við hinn munnlega málflutning, að 1½ mínúta muni hafa liðið, frá því að skipverjar hans fóru í bátana og þar til áreksturinn varð. Sé gert ráð fyrir stytzt mögulegum tíma í þessu sambandi, 1 mínútu, og gert ráð fyrir minnsta hraða, sem v/b Stígandi hefur verið áætlaður, 3 mílur á klukkustund, hlýtur v/b Stígandi að hafa farið að minnsta kosti 92—93 metra, frá því að hann sleppti nótabátunum og þar til áreksturinn varð.

Jafnframt þessu koma til álita eftirgreindar staðreyndir um siglingu skipanna, sem samkvæmt framansögðu verða leiddar af gögnum málsins:

1. Að hraði nótabáta v/b Arinbjarnar var ekki minni en hraði v/b Stíganda.
2. Að hvassa hornið milli stefnulínu nótabátanna og stefnulínu v/b Stíganda, áður en bátum hans var sleppt, var 30°—45°.

3. Að á sama tíma lá sjónarlína til nótabátanna af stýrishúsi v/b Stíganda séð ekki aftar en um bakborðsvant hans.

Þegar þetta allt er virt, verður ljóst, að siglingu v/b Stíganda og nótabáta v/b Arinbjarnar var svo háttað, að aldrei hefði komið til árekstrar, ef hvorirtveggja hefðu haldið óbreyttri stefnu og óbreyttum hraða, frá því sem var, áður en byrjað var að beygja v/b Stíganda til stjórnbörða, enda hefðu nótabátarnir þá komið klakklaust yfir siglingalínu hans. Gildir sama um þetta, þótt gert sé ráð fyrir, að hraði v/b Stíganda hafi verið meiri en 3 sjómilur á klukkustund, og engu breytir það heldur í þessu tilliti, þótt fjarlægðin milli v/b Stíganda og nótabátanna hafi verið meiri en gert er ráð fyrir hér að framan.

Af framansöguðu leiðir, að ákærði Jón Guðjónsson hefur gerzt brotlegur við 21. gr. tilskipunar um alþjóðlegar sjóferðareglur nr. 8 frá 11. apríl 1933 svo og 28. gr. sömu tilskipunar, þar eð hann lét ekki gefa hljóðmerki samtímis því, sem hann fyrirskipaði að beygja til stjórnbörða. Þegar hann yfirgaf skipið og fór í nótabátana, var enginn siglingafróður maður eftir um borð í skipinu. Þrátt fyrir það gaf hann fyrirskipun um, að siglingu skipsins skyldi haldið áfram. Jafnframt því að fyrirskipa, að skipinu skyldi siglt áfram að þarflausu, gaf ákærði fyrirmæli um, að því skyldi vikið til stjórnbörða gegn fyrirmælum siglingareglna. Mátti honum þó vera ljóst á þessum tíma, hverjar afleiðingar slík sigling skipsins gæti haft. Hefur ákærði með þessu framferði sínu gerzt brotlegur við 261. gr. siglingalaga nr. 56 frá 1914 svo og vegna þeirra afleiðinga, sem af gáleysi hans urðu, við 215. gr. almennra hegningarlaga nr. 19 frá 1940. Þykir refsing hans samkvæmt hinum tilvitnuðu lagagreinum svo og samkvæmt 32. gr. tilskipunar nr. 8 frá 1933 hæfilega ákveðin 3 mánaða fangelsi. Þá skal ákærði Jón einnig samkvæmt heimild í 68. gr. hegningarlaganna og 264. gr. siglingalaga sviptur réttindum til skipstjórnar og stýrimennsku um 3 ár.

Ákærða Tómasi Jochumssyni mátti vera það ljóst, er hann sá v/b Stíganda sleppa nótabátum sínum, að öryggi báta þeirra, er hann stjórnaði, var mjög undir því komið, hverja stefnu v/b Stígandi tæki. Bar honum því að hafa vakandi auga á v/b Stíganda og haga siglingu sinni í samræmi við þá stefnu, sem v/b Stígandi kynni að taka. Auk þess mátti ákærða vera ljóst, að skipshöfn hans var sérstök hætta búin sökum stærðarmunar v/b Stíganda og nótabátanna, ef til árekstrar kæmi. Í stað þess að fylgjast með ferðum v/b Stíganda virðist ákærði hafa hugsað um það eitt að komast sem fyrst beinustu leið að síldartorfunni. Veitti hann því ferðum v/b Stíganda ekki athygli, fyrr en í öfni var komið og möguleikar hans til að forða árekstri voru útilokaðir. Hefur ákærði með framferði sínu gerzt brotlegur við 22., 27. og 29. gr. tilskipunar nr. 8 frá 1933 svo og við 85. gr. sjómannalaga nr. 41 frá 1930 og 215. gr. almennra hegningarlaga nr. 19 frá 1940.

Þykir refsing hans samkvæmt hinum tilvitnuðu lagaboðum, sbr. 32. gr. tilsk. nr. 8 frá 1933, hæfilega ákveðin 3 mánaða fangelsi. Samkvæmt heim-

ild í 68. gr. hegningarlaganna og 85. gr. sjómannalaga ber að svipta hann réttindum til skipstjórnar og stýrimennsku um 3 ár.

Ákærði Jón greiði málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, kr. 600.00.

Ákærði Tómas greiði málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, kr. 600.00.

Allan annan kostnað sakarinnar greiði hinir ákærðu in solidum, þar með talin málssóknarlaun skipaðs sækjanda, kr. 1000.00.

Rekstur málsins hefur verið vítalaus.

Dóm þenna hafa kveðið upp Einar Arnalds, formaður dómsins, og samdómendurnir Hafsteinn Bergþórsson, Jón Kristófersson, Pálmi Vilhjálmsson og Þorsteinn Loftsson. Dómsuppsaga hefur dregið um venju fram vegna veikinda eins dómendanna.

Dómsorð:

Ákærði Jón Guðjónsson sæti fangelsi 3 mánuði. Hann er sviptur rétti til skipstjórnar og stýrimennsku um 3 ár.

Ákærði Tómas Jochumsson sæti fangelsi 3 mánuði. Hann er sviptur rétti til skipstjórnar og stýrimennsku um 3 ár.

Ákærði Jón Guðjónsson greiði málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Einars B. Guðmundssonar hrl., kr. 600.00.

Ákærði Tómas Jochumsson greiði málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Egils Sigurgeirssonar hrl., kr. 600.00.

Allan annan kostnað sakarinnar, þar með talin málssóknarlaun skipaðs sækjanda, Ragnars Jónssonar hrl., kr. 1000.00, greiði hinir ákærðu in solidum.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Miðvikudaginn 15. nóvember 1950.

Nr. 135/1950. **Eigendur l/v Hugins R. E. 83**

(Einar B. Guðmundsson)

gegn

Guðjóni Sigurðssyni (Ragnar Ólafsson).

Setudómarar próf. Ólafur Lárusson og
Valdimar Stefánsson sakadómari í stað
hrd. Árna Tryggvasonar og hrd. Jónatans
Hallvarðssonar.

Öflun gagna.

Úrskurður Hæstaréttar.

Áður en mál þetta verður dæmt í Hæstarétti, þykir rétt samkvæmt lögjöfnun frá 120. gr. laga nr. 85/1936 að veita